

Nd. **374. Frumvarp til laga** **[166. mál]**

um breyting á vixillögum, nr. 93 frá 19. júní 1933.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

2. tölul. 48. gr. laga nr. 93 frá 19. júní 1933 orðist þannig:
Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnun-
um hæsta að taka, frá gjalddaga.

2. gr.

2. tl. 49. gr. sömu laga orðist þannig:
Dráttarvaxta (vanskilavaxta), sem Seðlabanki Íslands heimilar innlánsstofnun-
um hæsta að taka, af þeirri upphæð frá þeim degi, er hann greiddi hana.

3. gr.

4. tl. 48. gr. og 4. tl. 49. gr. ásamt 49. gr. a sömu laga falla úr gildi.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Um síðastliðin áramót ákvað Seðlabanki Íslands almenna hækkun dráttarvaxta, sem nauðsynleg þykir til að stuðla að aukinni skilvísi við greiðslu skulda. Til að ráðstafanir þessar komi að fullu gagni, verður ekki hjá því komizt að láta þær ná til vanskilavíxla, þar sem víxlar eru eitt algengasta skuldabréfaform hér á landi. Í 48., 49. og 49. gr. a víxillaga nr. 93/1933 er fjallað um vexti þá og þóknun, sem heimilt er að krefjast af víxilskuldurum eftir gjalddaga víxils. Samkvæmt ákvæðum þessum eru víxilvextir eftir gjalddaga víxils þeir sömu og fyrir gjalddaga, auk þóknunar sem er $\frac{1}{3}\%$ af víxilfjárhæðinni. Þar sem ákvæði þessi eru tæmandi, verða fyrrgreindar ráðstafanir ekki látnar ná til víxilskulda, nema lagabreytingar þær, sem frumvarp þetta gerir ráð fyrir, ná fram að ganga. Í frumvarpinu hefur sá kosturinn verið valinn að skylda skuldara, sem eigi greiðir skuld sína á réttum tíma, til að greiða skuldareiganda í dráttarvexti af henni jafnháa upphæð og Seðlabanki Íslands leyfir innlánsstofnunum hæst að taka. Dráttarvextir af víxlum yrðu þannig færðir til samræmis við bæði lánstíma og vaxtafjárhæð. Sú leið hefur hins vegar ekki þótt fær í þessu efni að hækka þóknun þá, sem um getur í 4. tl. 48. gr. og 4. tl. 49. gr. víxillaganna, þar sem hún er óbreytileg miðað við vanskilatímann og mundi því verða þeim mun minna tilfinnanleg sem vanskilin standa lengur. Því er lagt til, að töluliðir þessi falli brott, en dráttarvaxtaákvæðið komi í staðinn.

Breyting sú, sem hér er lagt til, að gerð verði á víxillögunum, veldur því, að vextir þeir, sem heimilt er að krefja skuldara um eftir gjalddaga víxils, verða aðrir og nokkuð hærri en nú gildir. Samkvæmt núgildandi lögum er viðbótarkostnaður skuldara vegna vanskila á greiðslu víxils hverfandi allt til þess, er kostnaðar við dómsmál fer að gæta. Slíkt fyrirkomulag er óheillavænlegt, og er téð vaxtahækkun eftir gjalddaga víxils því nauðsynleg og eðlileg til úrbóta, sem stuðla mundi ótvírætt að aukinni skilvísi víxilskuldara.

Verði frumvarp þetta að lögum, mundu dráttarvextir vegna víxilskulda verða 1% fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, að óbreyttri ákvörðun Seðlabankans um dráttarvexti innlánsstofnana. Til samanburðar má geta þess, að nú um árabíl hafa gilt $\frac{1}{2}\%$ dráttarvextir pr. hálfan mánuð eða byrjaðan hálfan mánuð vegna lána Stofnlánadeildar sjávarútvegsins og Fiskveiðasjóðs Íslands, en hjá þeim stofnunum eru hæstu vextir $6\frac{1}{2}\%$ p. a.

Um 1. gr.

Hér er víxilhafa leyft að krefjast dráttarvaxta, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum hverju sinni, í stað vaxta samkvæmt 2. tl. 48. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 49. gr. a sömu laga.

Um 2. gr.

Sá, sem víxil leysir til sín, getur samkvæmt nýmæli þessarar greinar krafizt af þeim víxilskuldurum, er ábyrgð bera gagnvart honum, dráttarvaxta, eins og þeir eru ákveðnir af Seðlabankanum hverju sinni, af þeirri upphæð, sem hann greiddi, og frá þeim degi, er hann greiddi hana. Kemur þetta ákvæði í stað núgildandi heimildar 2. tl. 49. gr. laga nr. 93/1933, sbr. 49. gr. a sömu laga.

Um 3. gr.

Fellð eru úr gildi ákvæði 4. tl. 48. gr. og 4. tl. 49. gr. laga nr. 93/1933, um rétt víxilhafa til þóknunar, er sé $\frac{1}{3}\%$ af víxilfjárhæðinni. Jafnframt er úr gildi fellð 49. gr. a sömu laga, sem er á þá leið, að séu almennir víxilvextir banka hærri en 6 af hundraði á ári, skuli heimilt að krefja um vexti af víxli í samræmi við það, þrátt fyrir 48. og 49. gr. laganna.